

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 9. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn (125. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heildarlög um ábyrgðarmenn.*

Viðskiptaráð Íslands fagnar framtaki framsögumanna þessa frumvarps sem er til þess fallið að efla vernd ábyrgðarmanna og treysta í sessi skýrt réttarsamband milli lánveitenda, skuldara og ábyrgðarmanns. Fjármálafyrirtæki hafa hins vegar um langa hríð unnið eftir svipuðum viðmiðum og finna má í frumvarpi þessu sem tekin voru upp þegar *samningur um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga* var undirritaður. Að mati Viðskiptaráðs hefði mátt hafa þann samning enn frekar til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps.

Þrátt fyrir almennt jákvæða afstöðu Viðskiptaráðs til frumvarpsins gerir ráðið við það nokkrar athugasemdir.

**5. gr. veiting upplýsinga fyrir gerð ábyrgðarsamnings**

Viðskiptaráð gerir tvennskonar athugasemdir við ákvæði þetta. Í fyrsta lagi er það mat Viðskiptaráðs að ákvæðið feli í sér of ríka upplýsingaskyldu um fjárhagsleg málefni skuldara og bendir á þá meginreglu að starfsmenn fjármálafyrirtækja eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sína, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Rík þörf þarf að koma til svo þeirri meginreglu sé vikið til hliðar, þó það sé gert með löggjöf.

Vegna þess telur Viðskiptaráð að upplýsingaskylda ákvæðisins eigi að vera takmörkuð við þær upplýsingar sem ábyrgðarmanni eru nauðsynlegar til að meta fjárhagslega áhættu tengdri ábyrgðinni. Að mati Viðskiptaráðs fellur tilgangur lántökunnar þar utan, sem og tryggingar sem skuldari hefur útvegað hjá öðrum og önnur lán skuldara hjá viðkomandi lánveitanda.

Hér er rétt að benda á að ef ábyrgðarmaður telur sig þurfa frekari upplýsingar þá er viðkomandi lánveitanda heimilt að veita honum þær að gefnu samþykki skuldara, sbr. 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

*Viðskiptaráð leggur til að g. og h. liðir 5. gr. verði felldir brott og að c. lið þess sé breytt þannig að lánveitandi þurfi ekki að upplýsa um tilgang lántökunnar.*

Í annan stað gerir Viðskiptaráð athugasemd við k. lið 5. gr. sem kveður á um að lánveitandi skuli upplýsa ábyrgðarmann um „önnur þau atriði sem eðlilegt er að ábyrgðarmaður sé upplýstur um“. Með þessu er ljóst að upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, sem út af fyrir sig er ekki athugasvert. Þetta verður hins vegar að skoðast í ljósi þess að ábyrgðarmaður getur, skv. greinargerð frumvarpsins, losnað undan ábyrgðarsamningi ef hann telur að lánveitandi hafi vanrækt að upplýsa hann um „atriði sem hefði getað haft áhrif ákvörðun ábyrgðarmanns um að

takast á hendur ábyrgð.“ Samkvæmt þessu er matið á áhrifum vanrækslu lánveitanda alfarið hjá ábyrgðarmanni en sönnunarbyrðin um að hún hafi ekki haft fyrrgreind áhrif er á lánveitanda.

Að mati Viðskiptaráðs er með þessu felld of rík upplýsingaskylda á lánveitendur, sem geta með engu móti séð fyrir allar þær upplýsingar sem ábyrgðarmaður telur að gætu haft áhrif á ákvörðun hans að veita ábyrgð. Þær upplýsingar sem lánveitendur eiga að veita skv. a.-j. staflíð ákvæðisins eru umfangsmiklar og er í þeim staflíðum að finna allar þær upplýsingar sem almennt má ætla að geti haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns. Með þessu fyrirkomulagi frumvarpsins er opnað um of fyrir réttaróvissu í tengslum við ábyrgðarsamning, sem hvorki er til hagsbóta fyrir skuldara né lánveitendur.

Hér er aftur minnt á 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem gerir ábyrgðarmanni kleift að fara fram á frekari upplýsingar telji hann sig þurfa þær.

*Viðskiptaráð leggur til að k. liður 5. gr. frumvarpsins verði felldur brott.*

#### **8. gr. bann við aðför í fasteign ábyrgðarmanns**

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að óheimilt sé að gera aðför í fasteign ábyrgðarmanns þar sem hann býr ef krafan á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar. Að mati Viðskiptaráðs mun ákvæði þetta leiða til þess að hópur mögulegra ábyrgðamanna verði þrengdur um of og þar með verði mun erfiðara fyrir skuldara að fá þá lánafyrirgreiðslu sem þeir þurfa. Leiðir það af því að stór hluti ábyrgðamanna á einungis eina fasteign og á hún iðulega stóran þátt í því að fallist sé á veitingu láns gegn ábyrgð.

Allar líkur eru til þess að slík þróun kæmi harðast niður á þeim sem minnst mega sín t.a.m. ungu fólki sem er að hefja vegferð sína á vinnumarkaði eftir útskrift sem á hvorki eignir til að veðsetja né hefur aðgang að ábyrgðaraðilum sem eiga veðrymi eða fleiri en eina fasteign.

#### **11. gr. reglugerðarheimild ráðherra**

Að lokum gerir Viðskiptaráð athugasemd við 11. gr. frumvarpsins sem felur í sér algerlega opna heimild viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd ákvæða frumvarpsins. Viðskiptaráð hefur ávallt verið andsnúið opnum heimildum framkvæmdavaldshafa til reglusetningar, þá sér í lagi þegar ekki er að finna í greinargerð rökstuðning fyrir nauðsyn þeirra.

Hér er rétt að minna á að framkvæmdarvaldið er almennt skilgreint neikvætt í íslenskrí stjórnskipan, þ.e. að í því felist opinbert vald sem hvorki telst löggjafarvald né dómvald. Opnar reglugerðarheimildir stríða gegn þessari meginskiptingu ríkisvaldsins.

*Viðskiptaráð leggur til að 11. gr. frumvarpsins verði felld brott.*

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs